

LJÓÐAFLÓÐ!

LJÓÐASAMKEPPNI GRUNNSKÓLANEMA 2023

Ljóð sem voru á meðal þeirra bestu á yngsta stigi:

Nóttin er svört eins og olía.
Úr nóttinni koma skuggar.
Draugar eiga skuggana.
Þeir koma um miðja nótt
og eru eins og gráu ljósín úr holunni
sem ég sef í.

Hanna Kalt, 4. bekk Grunnskóla Drangsness

Krakkaskelfir

Krakkaskelfir agalegur er
Hann hræðir börn þegar dimma fer
Hann grýlulegur er
þegar undan rúminu sér

Hrafnhildur Freyja Arnarsdóttir, 2. bekk Reykhólaskóla

Brettabrennir

Brettabrennir stelur brettum
Hann hefur poka með
Hann finnur bretti upp í klettum
og eldinn getur þú séð

Inga Guðrún Guðmundsdóttir, 2. bekk Reykhólaskóla

Frekjuskjóða

Frekjuskjóða er mjög frek
við fjölskylduna og bræður
Hún segir æ ég ekki get
gefið pakka og slæður

Gróa Borg Gilsfjörð Bjarkadóttir, 4. bekk Reykhólaskóla

Sleggjuþjófur

Sleggjuþjófur stelur sleggjum
Notar til að byggja hús
Hleypur um á löngum leggjum
Hefur bæði fló og lús

Unnsteinn Guðmundsson, 4. bekk Reykhólaskóla

Það eru að koma jól
og ég fæ nýjan kjól.
Þá kom snjór,
og fór ég út að leika
í kjólnum mínum bleika.

Harpa Júlía Ragnarsdóttir, 2. bekk Selásskóla

Jólin eru að koma

Vetur skoppar upp í jólin
með hátíð í hjartanu.
Það byrjar að snjóa á deginum í dag,
og ég horfi út um gluggann á það.

Fjöllin verða hvít og grasið byrjar að grána.
Þegar fjöllin hvítna þá vitum við að jólin eru að koma,
með jólasveinunum og Grýlu á gluggann okkar.
Þegar við opnum dagatalið í dag
þá verða jólin blessuð.

Halldór Rafn Arnarson, 3. bekk og Þórarinn Áki Hallbjarnarson, 2. bekk Kerhólsskóla
